

EFTIRLITSSKÝRSLA

ÍSAL

Dagsetning	8. desember 2011	Starfsleyfi, gildir til	1. nóvember 2020
Fyrirtæki	Alcan á Íslandi hf.	Tegund eftirlits	Reglubundið
Heimilisfang	Straumsvík Hafnarfirði	Fulltrúar fyrirtækis	Fannar Jónsson og Henning Ejerskov Sørensen
Kennitala	680466-0179	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	64° 2,600'N, 22° 2,301'W
Isat nr.	24.42.0		
Starfsemi	Framleiðsla á áli		
Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason og Eva Dögg Kristjánsdóttir		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik er frá starfsleyfi og ein athugasemd er gerð í kjölfar eftirlits.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með eftirlitsferð í verksmiðjuna, fyrst var farið í skautsmiðjuna þar sem kannað var hvernig afsogi frá járnsteypu sem notuð er til að festa skautgaffla í forsteypt forskaut er háttað. Vel er staðið að afsoginu. Einnig var farið í eftirlit í steypuskála þar sem miklar breytingar eiga sér stað núna en verið er að breyta úr barrasteypum yfir í boltasteypur. Síðan var farið í stjórnstöð þurrhreinistöðva og þaðan í kerskála. Ekki var fundið að neinu né gerðar athugasemdir á þessum stöðum.

Að eftirlitsferð lokinni var fundað með fulltrúum fyrirtækisins. Tekin var fyrir kvörtun sem Umhverfisstofnun hafði borist um hávaða frá löndunarkrana fyrir súrál. Ástæðan fyrir hávaðanum er sú að löndunarbúnaðurinn er kominn til ára sinna og ætlunin er að endurnýja hann að verulegu leyti eða kaupa alveg nýjan löndunarbúnað.

Í eftirliti var ítrekuð áður fram komin athugasemd um að Umhverfisstofnun fengi skýrslu um niðurstöður kræklingarannsóknar frá 2008. Skýrslan hefur ekki borist og er það fært sem frávik frá starfsleyfi. Nýsköpunarmiðstöð Íslands sá um rannsóknina og liggja niðurstöður fyrir og hafa verið kynntar fyrirtækinu. Þessar niðurstöður fylgdu yfirlitsskýrslu fyrir árið 2009 sem var send Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis fyrir samráðsfund í maí 2010. Fyrirtækið hefur ítrekað óskað eftir lokaskýrslu en hún hefur enn ekki borist.

Fyrirtækið hefur aukið mælingar í rjáfri kerskálanna og eru nú 4 mælar í hverjum skála og auk þessa þá verða 3 aukamælar yfir þeim kerum þar sem verkefnið er með prófanir á straumaukningu. Allir mælar eru yfirfarnir einu sinni á ári óháð því hvort um bilun er að ræða eða ekki.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Samkvæmt grein 3.1 í starfsleyfi skal taka viðmiðunarsýni af völdum lífverum í fjöruborði við flæðigryfjur til að meta hugsanleg áhrif þeirra á lífríki. Síðasta rannsókn fór fram 2008 en Umhverfisstofnun hefur ekki enn fengið lokaskýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

Fráviki frá:

Gr.3.1 í starfsleyfi.

Athugasemd:

Kvörtun hefur borist vegna hávaða frá löndunarkrana fyrir súrál. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er ætlunin að endurnýja kranann að verulegu leyti eða skipta honum út.

Önnur atriði:

Unnið er að því að draga úr losun frá skautskiptingu með því að breyta verklagi, stækka kæligang og bæta við afsogi. Úrbæturnar snúa að því að draga úr losun frá kólnandi skautleifum með því að keyra þær fyrir inn í kæligang og með tilkomu nýrra þurrhreinsistöðva verður afsog sett á kæliganginn og það leitt inn á þurrhreinsistöðvarnar. Til að mæta þessu breytta verklagi er verið að stækka kæligang þannig að hægt sé að keyra skauleifarnar fyrir inn.. Með þessari breytingu má búast við lægri losun flúoríðs út um rjáfur kerskála.

Í byrjun nóvember voru gerðar breytingar á afsogslögnum í þurrhreinsivirki 1 og þurfti því að stöðva hreinsivirkið í ákveðinn tíma en jafnframt þessum breytingum var sinnt öðru fyrirbyggjandi viðhaldi á þurrhreinsistöðinni sem annars væri ekki hægt að framkvæma. Verkefni þetta var margæft og varaði stöðvunin mun skemmri tíma en áætlað hafði verið eða í heildina um 2 klst. og 40 ker af 480 voru án afsogs í 6 klst.

Reykjavík, 23/12/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.